

# UMBOÐSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 10693/2020

Reykjavík, 23. september 2020

Forsætisráðuneytið  
b.t. ráðuneytisstjóra  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu  
101 Reykjavík


Með bréfi þessu sendi ég forsætisráðuneytinu afrit af bréfi sem ég hef í dag ritað heilbrigðisráðherra ásamt afriti af kvörtun sem þar er vísað til. Í bréfinu er m.a. gerð grein fyrir samtölum mínum við ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins í ágústmánuði sl. vegna lagaheimilda til sóttvarnaráðstafana vegna COVID-19 og því svari ráðuneytisstjórans að stjórnvöld hefðu í hyggju að ráðast í úttekt á þeim málum. Í framhaldi af því yrði metið hvort tilefni væri til lagabreytinga.

Vegna næstu skrefa við athugun mína á þeirri kvörtun sem vísað er til í bréfinu til heilbrigðisráðherra tel ég rétt að óska, með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að forsætisráðuneytið veiti mér upplýsingar um hvort ráðuneytið hafi átt aðkomu að þeirri úttekt á gildandi lagaheimildum til opinberra sóttvarnaráðstafana sem mér var tjáð í svari ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins að ætlunin væri að ráðast í, og ef svo er:

- a) Hver er staðan við gerð úttektarinnar?
- b) Hefur af hálfu forsætisráðherra á grundvelli þeirrar vinnu sem þegar er búið að vinna við úttektina verið tekin afstaða til þess hver eigi að vera næstu skref í þessari vinnu stjórnvalda.

Er þess óskað að svör berist eigi síðar en 14. október nk.

Virðingarfyllst,

  
Tryggvi Gunnarsson